



Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Hönnunar- og markaðsbraut

Höfundar:

Ásdís Jóelsdóttir og Tinna Ösp Arnardóttir

Unnið á tímabilinu, haust 2010 - vor 2012 með styrkveitingu úr Sprotasjóði



Efnisyfirlit

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs.....	3
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum.....	3
Frávik/staða verkefnis	4
Staða verkefnis samkvæmt fylgigögnum.....	5
Helsti ávinningur.....	5
Niðurstöður verkefnis.....	6
Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	6
Viðhengi 1.....	8
Hönnunar- og markaðsbraut nóvember 2011	8
Viðhengi 2.....	10
Brautarval fyrir Hönnunar- og markaðsbraut næstu annir:	10
Viðhengi 3.....	13
VIÐMIÐUNARSKIPULAG HÖNNUNAR- OG MARKAÐSBRAUTAR	13
Viðhengi 4.....	14
Áfangalýsingar	14
Hönnun í atvinnulífinu.....	14
Nýsköpun.....	16
Lokaverkefni	18
Viðhengi 5.....	20
Sýnishorn af kennsluáætlun úr Hönnun í atvinnulífinu.....	20
Viðhengi 6.....	22
Sýnishorn af tveimur verkefnum í HÖN 103.....	22



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Nafn verkefnis: Áframhaldandi uppbygging á Hönnunar- og markaðsbraut

Nafn verkefnisstjóra: Ásdís Jóelsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Á Hönnunar- og markaðsbrautinni er lögð áhersla á að skapa jafnvægi í námsframboði hönnunar- og markaðsgreina í samræmi við þekkingarvið greinanna. Innihaldið er sett fram með ákveðnum rökum um sérhæfingu og tengingu við atvinnulíf og framhaldsnám. Í lokaverkefni á fjórða ári fá nemendur að spreyta sig á verkefni þar sem nýsköpun, hönnun og markaðsleg færni ná saman.

Markmiðið með framhaldsumsókninni er áframhaldandi vinna við mótun á Hönnunar- og markaðsbraut við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Eftirfarandi markmið samkvæmt umsókn:

1. Námsgögn - að námsgögn séu í samræmi við markmið og innihald áfanga ásamt þrepaskiptingu námsins. Að innihald námsgagna standist þekkingu, leikni og hæfni í tengslum við lærdómsviðmið brautar og áfanga. Að kennsluhættir, námsmat og vinnuframlag nemenda sé í samræmi við markmið og lærdómviðmið.
2. Samvinna - Að samvinna og samningar við fyrirtæki hafi mótast og séu komnir í fastan farveg. Að gott skipulag og framkvæmd sé í tengslum við verkefni, raunverkefni, starfskynningar, sýningar, samkeppnir og fleira.
3. Áframhaldandi verkefni sem voru á byrjunarreit, Kynningarefni brautar tilbúið. Áframhaldandi kynning, rýni og upplýsingastreymi til nemenda og verðandi nemenda á Hönnunar og markaðsbraut.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Þegar hefur verið unnið markvisst að þróun námsins á Hönnunar- og markaðsbrautinni eins og fram kemur í upptalningunni hér að neðan:

- Skipulögð námsgögn með þekkingu og úrvinnslu í huga. Markmiðið er að nemendur haldi saman gögnum í gegnum námið sem nýtist þeim í skyldum áföngum og síðan í lokaáfanganum. Útbúin verður sérstök mappa þar sem innihaldið er skipulagt með aðra skylda áfanga í huga.
- Áfangalýsingar voru gerðar þar sem þekking, leikni og hæfni í tengslum við lærdómsvið brautar voru í hávegum höfð. Hver og einn áfangi var skoðaður með tillit til kennsluhátta, námsmats og vinnuframlag nemenda. Áfangalýsingarnar verða sendar til menntamálaráðuneytis 01.02.2012 ásamt öllum áfangalýsingum Fjölbrautaskólans í Garðabæ.
- Fyrstu nemendur brautarinnar innritast á haustönn 2011.
- Fyrsti „nýi“ áfangi brautarinnar kenndur haust 2011 sem er Hönnun í atvinnulífinu.



- Haft samband við fyrirtæki og stofnanir í sambandi við samvinnu í tengslum við starfskynningar, fyrirlestra, sýningar og verkefni.
- Rýnihópar nemenda í markaðs- og viðskiptafræðum og fata- og textílhönnun
- Rýnihópar, nýir nemendur á Hönnunar- og markaðsbraut
- Kynning á braut – glærusýning send skólum í nágrenni skólans
- Kynning á braut í fyrirtækjum, stofnunum og hjá starfsmönnum FG
- Kynning á braut í fjölmiðlum – Fréttablaðinu, á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, mbl-sjónvarpi.
- Kynningarefni útbúið

Með þessari umsókn fylgja eftirfarandi gögn (í viðhengi)

- Hönnunar- og markaðsbraut – ný uppsetning
- Lokamarkmið brautar
- Skipulag varðandi bundið val nemenda
- Nýjar áfangalýsingar samkvæmt nýrri uppsetningu skólans
 - HÖN 103 Hönnun í atvinnulífinu
 - HÖN 203 Nýsköpun
 - VOH 406 Lokaverkefni, viðskipti og hönnun
- Námsáætlunarblað nemenda
- Sýnishorn af kennsluáætlun í áfanganum HÖN 103 auk sýnishorna af verkefnalýsingum

Frávik/staða verkefnis

Innritun á brautina hófst vorið 2011 og hófst kennsla á brautinni 23. Ágúst 2011 og komust færri að en vildu. Mikill áhugi er fyrir Hönnunar- og markaðsbrautinni meðal nemenda, samkennara og stjórnenda skólans auk skólasamfélagsins og samfélagsins í heild sinni. Hvarvetna er þessari nýju og áhugaverðu nálgun vel tekið. Brautin hefur verið kynnt á fjölbreyttan hátt í grunnskólum í nærsamfélaginu, í fyrirtækjum, stofnunum, Fréttablaðinu, www.mbl.is (netsjónvarp) og á vef Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Mikil vinna hefur farið í að gera brautina klára fyrir nýtt kerfi sem á að vera komið á við Fjölbrautaskólann í Garðabæ haustið 2012. Hönnunar- og markaðsbrautin verður 140 einingar þar sem sameiginlegan kjarni bóknámsbrauta við skólann verða 80 einingar.

Allt nám við skólann hefur verið endurskoðað með tilliti til nýrrar námskrá. Nú þegar hefur verið byrjað á nýrri nálgun í áföngunum *Hönnun í atvinnulífinu* og *Frumkvöðlafræði* þar sem unnið er náið í samstarfi við fjölmörg fyrirtæki og stofnanir sem m.a. tóku að sér nemendur í starfskynningar þar má nefna Marel, Össur, Ikea, Þjóðleikhúsið, Nikita, Andersen & Lauth, Listaháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Toppstöðin, Epal og Hönnunarsafn Íslands. Árangur nemenda er tengjast þessum áföngum hefur verið mjög góður.



Staða verkefnis samkvæmt fylgigögnum

Hönnunar- og markaðsbrautin er tilbúin samkvæmt upptalningu hér að neðan:

- Kynning nýrrar brautar við Fjölbrautaskólann í Garðabæ
- Lærdómsviðmið brautar á fjórum þrepum, uppsetning miðuð við fjögur ár samkvæmt viðmiðum skólans
- Brautin samkvæmt uppsetningu Fjölbrautaskólans í Garðabæ miðuð við nýja námskrá
- Áfangalýsingar nýrra og breyttra áfanga miðuð við nýja námskrá
- Lokamarkmið nýrra og breyttra áfanga
- Þróun námsgagna nýrra og breyttra áfanga
- Þróun á námsmati nýrra og breyttra áfanga

Helsti ávinningur

Með Hönnunar- og markaðsbrautinni er skólinn að koma til móts við auknar kröfur um samvinnu hönnunar- og viðskiptalífisins bæði er varðar nám og störf. Áhersla er lögð á góða tengingu við atvinnulífið og framhaldsnám m.a. með vinnustaðaheimsóknum, vettvangsferðum, gestafyrirlesurum, starfskynningum, samkeppnum, sýningum o.fl.

Mikill áhugi hefur verið hjá nemendum í fata-, textíl- og vöruhönnunarnámi skólans að velja frumkvöðla- og markaðsfræði áfanga sem skólinn býður upp á og svo öfugt. Með tilkomu nýrrar brautar er hægt að svara þessum áhuga þar sem fjölbreytni og innihald námsins á brautinni er mikil og lögð er áhersla á þverfaglegt nám þar sem nýsköpun, hönnun og markaðsleg færni ná saman.

Með náminu er einnig verið að opna fyrir þann möguleika að nemendur með hönnunar- iðn- eða verklegt nám frá öðrum skólum geti fengið nám sitt metið inná Hönnunar- og markaðsbrautina.

Markmiðið var að sameina þessi tvö áhugasvið, hönnunar- og markaðsfræði með því að bjóða upp á vel ígrundað stúdentspróf af Hönnunar- og markaðsbraut og hefur því verið einstaklega vel tekið. Nærsamfélagið hefur tekið náminu einstaklega vel, mikill velvilji og góð samvinna er við bæjarfélagið, nýtilkomið Hönnunarsafn Íslands og fjölmörg hönnunarfyrirtæki. Einnig hefur skólinn verið virkur þátttakandi í Listadögum Garðabæjar.



Niðurstöður verkefnis

Vinnan hefur gengið samkvæmt áætlun og kennsla hófst á brautinni 23. ágúst 2011, færri nemendur komust að en vildu. Skólinn hefur verið í almennri endurskoðun síðastliðið ár í tengslum við nýja námskrá og hefur vinnan tekið mið af þeim breytingum.

Hér að neðan er yfirlit yfir þau fylgigögn sem unnin hafa verið í tengslum við framkvæmd Hönnunar- og markaðsbrautar.

1. Námsbrautin samkvæmt nýrri námskrá
2. Brautin samkvæmt uppsetningu Fjölbrautaskólans í Garðabæ, ásamt viðmiðunarramma fyrir áfanga í bundnu vali
3. Áfangalýsingar nýrra og breyttra áfanga
4. Lokamarkmið nýrra og breyttra áfanga
5. Tillaga að námsgögnum nýrra og breyttra áfanga
6. Tillaga að námsmati nýrra og breyttra áfanga

Nú þegar hafa verið mynduð góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir m.a. með áföngunum *Hönnun í atvinnulífinu* og *Frumkvöðlafræði* og kemur sú vinna til með að halda áfram.

Þróun námsgagna munu halda áfram og munu námsgögn vera þróuð í þeim áföngum sem í boði eru hverju sinni. Styrkur frá Sprotasjóði hefur gert okkur kleift og skólanum að vinna við, þróa og stofnsetja Hönnunar- og markaðsbrautina.

Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Hönnunar- og markaðsbrautin hefur verið kynnt með ýmsu móti sem mun halda áfram með markvissum hætti næstu tvö árin m.a. með því að búa koma brautinni á framfæri í fleiri miðlum ásamt því að bæta henni við kynningarefni skólans. Nýtt kynningarefni og kynning á námi skólans er endurskoðað í febrúar á hverju ári.

Eftirfarandi kynningar hafa farið fram:

- Kynning fyrir samstarfsskóla Fjölbrautaskólans í Garðabæ í námskrárvinnu sem eru Flensborgarskólinn í Hafnarfirði og Menntaskólinn á Egilsstöðum
- Kynning meðal skóla og samstarfsaðila s.s. Iðnskólinn í Hafnarfirði, Listaháskóli Íslands, Nýsköpunarmiðstöð, Toppstöðin og Hönnunarsafn Íslands.
- Kynning hjá ýmsum hönnunarfyrirtækjum og stofnunum vegna starfskynninga nemenda í Hönnun í atvinnulífinu og frumkvöðlafræði
- Kynning fyrir stjórnendur og starfsmenn Fjölbrautaskólans í Garðabæ
- Kynning meðal nemenda í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ



- Kynning á Opnu húsi Fjölbrautaskólans í Garðabæ
- Kynning í grunnskólum í nágrennasveitarfélögum
- Umfjöllun hefur átt sér stað í fjölmiðlum m.a. Fréttablaðinu, netsjónvarpi Morgunblaðsins, á veg Hönnunarmiðstöðvar Íslands
- Kynning á Málþingi um námskráargerð í framhaldsskólum

Garðabær 1. janúar 2012

Verkefnisstjóri

Skólastjóri

Ásdís Jóelsdóttir

Kristinn Þorsteinsson



Viðhengi 1

Hönnunar- og markaðsbraut nóvember 2011

Hönnunar- og markaðsbraut til stúdentsprófs **140 ein.**

Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur undir áframhaldandi nám og störf við hinar fjölbreyttu greinar hönnunar í atvinnulífinu. Annars vegar með verklegri þjálfun með áherslu á þátt nýsköpunar í hönnun og hins vegar með bóklegri þjálfun er varðar lögmál markaðarins. Í náminu er lögð áhersla á góða tengingu við atvinnulífið. Náminu lýkur með stúdentsprófi.

Kjarni

110 ein.

<i>Íslenska</i>	ÍSL	102 202 212 [103 203] 303 403 503	15	ein.
<i>Stærðfræði</i>	STÆ	102 122 202 [103 203]	6	ein.
<i>Erlend tungumál</i>				
Enska	ENS	102 202 212 [103 203] 303 403 503	15	ein.
Danska	DAN	103 203	6	ein.
Þriðja tungumál		103 113 203	9	ein.
<i>Samfélagsgreinar</i>				
Félagsfræði	FÉL	103	3	ein.
Almenn hönnunarsaga	AHS	103 203	6	ein.
Saga	SAG	103 203	6	ein.
<i>Náttúruvísindi</i>				
Náttúrufræði	NÁT	103 113 123	9	ein.
<i>Viðskiptagreinar</i>				
Fjármálafræði	FJÁ	103	3	ein.
Bókfærsla	BÓK	103	3	ein.
Viðskiptagreinar	VIÐ	113 333	6	ein.

Hönnun



Almenn hönnunarsaga	AHS 103 203	6	ein.
Hönnun í atvinnulífinu /Nýsköpun	HÖN 203 303	6	ein.
Lokaáfangi, viðskipti og hönnun	VOH 306	6	ein.
<i>Lífsleikni</i>	LKN 103	3	ein.
<i>Íþróttir</i>	ÍPR 122 132 + 4 ein.	8	ein.
Bundið val (í hönnunar-, iðn-, verk- og viðskiptagreinum)		24	ein.
Frjálst val		6	ein.

Viðmiðunarramma fyrir áfanga í bundnu vali á Hönnunar- og markaðsbraut

- Markmiðið er að öðlast dýpri þekkingu í ákveðinni hönnunar-, iðn- eða verkgrein.
- Nemandi þarf að ljúka a.m.k. 9 eininga röð í tveimur greinum eða 18 einingum í sömu grein.
- Nemandi þarf að gera áætlun fyrirfram um framvindu námsins í bundna valinu.
- Þær einingar sem eftir eru þ.e. 6 einingar geta nemendur ráðstafað að eigin ósk í hönnunar-, iðn-, verk- og/eða viðskiptagreinum.

Hægt verður að fá metnar einingar úr hönnunar-, iðn- og verkgreinum frá öðrum skólum.



Viðhengi 2

Brautarval fyrir Hönnunar- og markaðsbraut næstu annir:

Haustönn 2011 = HÖN (hönnun í atvinnulífinu) 103, áfangi sem nemendur eru í núna.

Fyrir utan hefðbundið val í kjarnagreinum eiga verða nemendur að velja eftirfarandi.

Vorönn 2012 = Bundið val sem nemur 6 einingum (tvær greinar, sjá upptalningu hér að neðan)

Haustönn 2012 = VIÐ 113 (markaðsfræði), AHS 103 (hönnunarsaga) og Bundið val (3-6 einingar) + (HÖN 103 nýsköpun)

Vorönn 2013 = VIÐ133, AHS 203 (hönnunarsaga) , Bundið val (3-6 einingar) og val.

Bundið val nemenda á Hönnunar- og markaðsbraut:

Nemendur velja 2 greinar í hönnunargreinum eingöngu eða hönnunargreinum og viðskiptagreinum þ.e. 9 eininga röð í einhverri grein = 18 einingar

T.d. THL 103, 203 og 303 og síðan LJÓ 103, 203 og MHL 113

T.d. TRÉ 103, 113 og 203 og síðan VIÐ/BÓK/HAG (9 einingar, má blanda saman) sem eru ýmsir áfangar fyrir utan þá sem eru í kjarna, sjá brautaryfirlit og yfirlit yfir bundna valið hér að neðan.

Hönnunargreinar í bundnu vali:

Trésmíði

- TRÉ 103 Trésmíði I
- TRÉ 113 Tréhandverk - útskurður og tréskúlpúr
- TRÉ 203 Trésmíði II



Fatahönnun

- THL 103 Fatahönnun – skissuvinna, saumtækni og sniðteikning
- THL 203 Fatahönnun – tískuteikning, sniðteikning, fóður, teygjanleg efni
- THL 303 Fata- og textílhönnun – hannað innskot

Einnig má velja:

THL 406 Þemavinna, lokaverkefni (undanfarar eru THL 103, 203 og 303)

Textílhönnun

- THL 143 Híbýlahönnun
- THL 136 Hönnun - textíl/tré
- PRJ 103/113 Prjón

Einnig má velja:

THL 112 Hönnun og hugmyndavinna

THL 122 Textíl- og markaðsfræði

THL 212 Tölvustudd hönnunar- og hugmyndavinna

Ljósmyndun

- LJÓ 103 Stafræn ljósmyndun
- LJÓ 203 framhald
- MHL 113 Stafræn myndbandagerð

Tölfræði (forritun og hönnun)

- TÖL 103 Inngangur að forritun
- TÖL 113 Gagnasafnsfræði
- TÖL 203 Hlutbundin forritun og netkerfi
- TÖL 303 Verkefnaáfangi



Viðskipta- og hagfræðiáfangar í bundnu vali:

VIÐ- áfangarnir

- VIÐ 103 - Stjórnun, bæði persónustjórnun og fyrirtækjastjórnun (haust)
- VIÐ 143 – Lögfræði, grunnur (vor)
- VIÐ 123 - Fjármál fyrirtækja (gott að vera búin með stæ 203 -haust)

HAG - áfangarnir

- HAG 103 – Rekstarhagfærði 1 (alltaf)
- HAG 203- Rekstrarhagfræði 2 (vor)
- HAG 113 - Þjóðhagfræði 1 (haust)
- HAG 213 - Þjóðhagfræði 2 - með áherslu á alþjóðamarkaðinn

BÓK - áfangarnir

- BÓK 203 - Bókfærsla 2 (bók 103 undanfari - vor)
- BÓK 213 - Tölvubókhalld (bók 103 undanfari - sjaldan)
- BÓK 303 - Bókfærsla 3 (bók 203 undanfari - sjaldan)



Viðhengi 3

VIÐMIÐUNARSKIPULAG HÖNNUNAR- OG MARKAÐSBRAUTAR

	1. önn		2. önn		3. önn		4. önn		5. önn		6. önn		7. önn		8. önn	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
ÍSL	103	203	303	403	503											
ENS	103	203	303		403										503	
STÆ	103	203														
DAN				203									303			
3ja				103	203	303										
NÁT			103										113	123		
FJÁ		103														
FÉL	103															
LKN	103															
SAG					103	203										
AHS			103	203												
HÖN				203	303											
BOK		103														
MAR			113							213						
FRU										333						
VIÐ																
ÍÞR	102	112	202	212												
VOH															406	
Bundið val	1x3	2x3	3x3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3	xx3
Frjálst val										xx3	xx3					
Samtals	20	20	20	20	18	18	12	12								



Viðhengi 4

Áfangalýsingar

Hönnun í atvinnulífinu

Áfanganúmer

HÖN 203

Lýsandi heiti áfangans og þrep:

Hönnun í atvinnulífinu
2 þrep - 3 önn

Fjöldi eininga (ein)

3 ein

Forkröfur

AHS 103
Bundið val

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynnist fjölbreytileika hönnunar og markaðslögmálum greinarinnar í atvinnulífinu í formi vettvangsferða, fyrirlestra og starfskynninga. Einnig að nemendur þekki tengsl greinarinnar við atvinnulífið í formi nýsköpunar, vöruþróunar, menningu, lista og stílsögu. Fjallað verður um ýmsa grunnþætti varðandi hráefnis- og vöruþekkingu, lög og reglugerðir. Mikilvægt er að nemendur átti sig á hlutverki þekkingar í hönnun og nýsköpun. Að nemendur verði ljós gagnsemi hönnunar ásamt fjölbreytts starfsvettvangs í samfélaginu. Nemendur halda dagbók, útbúa skýrslur vegna starfskynninga og kynna hver fyrir öðrum.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hlutverki hönnunar- og markaðsgreina í tengslum við atvinnulíf, þróun og nýsköpun
- fyrirtækjum, menntunarmöguleikum, stofnunum, lögum og reglugerðum, réttindum og skyldum sem heyra undir hönnunar- og markaðsgreinar
- mikilvægi starfskynninga og því að fylgjast með framleiðanda í atvinnulífinu
- framleiðslu- og markaðsferli á vöru eða þjónustu
- hvernig hugmynd er breytt í söluvöru og hvernig framleiðsla og sala tengist
- kröfum og réttindum neytenda
- hönnunarlögum, hönnunarvernd og einkaleyfum



- tengslum greinarinnar við menningu og listir
- starfs- og markaðfærni greinarinnar í formi nýsköpunar, vöruþróunar og markaðssetningu
- gagnsemi hönnunar á umhverfi okkar og samtímann

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja hlutverk og fjölbreytileika hönnunar-, iðn- og verkgreina í atvinnulífinu
- greina þarfir, tækifæri og möguleika við hönnun og framleiðslu á hlut í tengslum við vettvangs- og vinnustaðaheimsóknir í atvinnulífinu
- tengja námið við framhaldsnám eða þátttöku í atvinnulífi
- þekkja skipulagningu og viðburði á sviði hönnunar
- nýta þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu og bera saman við eigin reynsluheim
- skilja hvað hefur áhrif á neysluvenjur, breyttar þarfir, tækniframfarir og nýjungar
- skilja sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstaðna
- skynja hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning helst í hendur
- greina það ferli sem fyrirtæki þurfa að fara til þess að koma vöru/þjónustu í sölu
- greina hvernig verki er skipt upp í verkþætti, verkaskiptingu, framleiðsluferli og gerð áætlaða
- útbúa vandaða skýrslu til kynningar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa yfirsýn yfir undirbúning undir frekara námi, auk þátttöku og möguleikum innan fjölbreytts starfsvettvangs
- skilja hvað hefur áhrif á neysluvenjur, breyttar þarfir, tækniframfarir og nýjungar
- greina þarfir, tækifæri og möguleika við hönnun og framleiðslu á hlut
- geta skynjað og metið hönnun, handverk og tækninýjungar í atvinnulífinu
- skilja sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- skilja hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning helst í hendur
- hafa innsýn í skipulagningu og viðburði á sviði hönnunar
- geta borið saman og gagnrýnt hönnun í samtímanum
- geta gert vandaða skýrslu og kynnt hana viðeigandi aðilum

Námsmat: Símatásafangi

- Vettvangsheimsóknir og umsagnir
- Starfskynningar, skýrslugerð og glærुकynning
- Fyrirlestrar og umsagnir
- Náms- og atvinnumöguleikar glærुकynning og þátttaka í umræðum
- Dagbók og vinnumappa
- Lokaverkefni, textaskil og glærुकynning
- Mæting, vinnusemi, skilvirkni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð eru einnig þættir sem hafa afgerandi áhrif á einkunnagjöf.



Nýsköpun

Áfanganúmer

HÖN 303

Lýsandi heiti áfangans og þrep:

Nýsköpun
3 þrep – 5/6 önn

Fjöldi eininga (ein)

3 ein

Forkröfur

HÖN 203
AHS 203
Bundið val
VIÐ 113

Lýsing á efni áfangans:

Markmiðið er að nemendur hanni frumverk (prótótýpu) af vöru og/eða þjónustu. Markmiðið er að verkið uppfylli skilyrði nýsköpunar. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að fylgja eftir hugmynd á skipulagðan hátt að lokaútfærslu. Nemendur geta unnið verk sín í samvinnu eða tengslum við fyrirtæki, stofnanir og/eða á eigin forsendum. Farið er í ýmsa þætti varðandi hönnun; hugtökin hönnun og nýsköpun, hönnunarvernd, stíla, stefnur, vinnuaðferðir og hráefnisöflun o.fl. Nemendur skila vandaðri hugmyndavinnu, fylgja skipulögðu vinnuferli í formi dagbókar, safn- og hugmyndamöppu. Vettvangsheimsóknir í tengslum við innihald námsins, áhuga nemandans og verkefnaval. Nemendur taka þátt í sýningu og samkeppni.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu hugtökum og fagheitum hönnunarviðsins
- hönnunarferlinu, þörf-lausn-afurð
- ákveðnum aðferðum í hönnunar-, iðn- og verkgreinum
- hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning helst í hendur
- helstu aðferðum og hugmyndum varðandi vöru og vöruþróun
- nýjum straumum í markaðs- og framleiðsluaðferðum
- sambandi milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu.
- möguleikum og tækifærum við hönnun og framleiðslu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:



- vinna sjálfstætt og temja sér vönduð vinnubrögð
- taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval og framkvæmd verksins
- nýta aðferðir markvissrar hugmyndavinnu til að finna lausn á hönnunarverkefni
- geta gert greinarmun á vöru sem er verksmiðjuframleidd og handunnin
- geta gert greinarmun á fjöldaframleiddri vöru og sérstæðri hönnun
- geta nýtt sér vettvangsferðir og fyrirlestra í tengslum við námsefni og verkefnaval
- geta miðlað almennri og sértækri þekkingu sinni með mismunandi aðferðum skrif-, munn- eða verklega
- ná markaðslegri hugsun í verkefnum sínum
- skipuleggja viðburði á sviði lista og hönnunar í formi kynninga, sýninga eða samkeppni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta unnið eftir ákveðnu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru
- raungera hugmynd frá fyrstu hugdettu að lokaafurð/frumgerð
- meta, prófa og rannsaka eigin verk út frá gildi þeirra
- hafa frumkvæði að því að koma vinnu sinni á framfæri á fjölbreytilegan hátt
- fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum

Námsmat: Símatásfangi

- Nýsköpun – tilbúin vara eða fullunnin hugmynd
- Hugmyndavinna, upplýsinga- og/eða hráefnisöflun og úrvinnsla
- Vinnuskýrsla
- Dagbók
- Uppsetning og frágangur verkefna
- Þátttaka í sýningu eða samkeppni
- Mæting, vinnusemi, skilvirkni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð eru einnig þættir sem hafa afgerandi áhrif á einkunnagjöf



Lokaverkefni

Áfanganúmer

VOH 406

Lýsandi heiti áfangans og þrep:

Lokaverkefni af Hönnunar- og markaðsbraut
4 þrep – 8 önn

Fjöldi eininga (ein)

6 ein

Forkröfur

HÖN 303
Bundið val
VIÐ 333

Lýsing á efni áfangans:

Lokaverkefni er raunverkefni unnið út frá áhugasviði hvers og eins. Viðfangsefni nemenda geta tengst ákvörðunum þeirra um val á framhaldsnámi eða innan atvinnulífsins. Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt að hönnunarverkefni í formi nýsköpunar á hlut, verki, vöru eða þjónustu m.a. í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og ráðgjafa úr atvinnulífinu. Vinnan er fólgin í upplýsingaöflun, tilrauna- og rannsóknarvinnu, vettvangsheimsóknun og viðtölum í tengslum við verkefnavalið. Nemendur skila vandaðri hugmyndavinnu, fylgja skipulögðu vinnuferli í formi hugmynda- og vinnuöppu auk skýrslugerðar (viðskiptaáætlunar). Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda. Nemendur þurfa að geta skilgreint markhóp fyrir vöru og/eða þjónustu, fjármagna verk sitt, markaðssetja, framleiða og selja. Lokamarkmiðið er að taka þátt í samkeppnum, sýningum og halda kynningar.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- að velja form og lit, efni og aðferð og rökstutt valið út frá formfræði, fagurfræði, gæða-, hagnýttis- og umhverfissjónarmiðum
- að vinna með nýsköpun á hlut, verki, vöru eða þjónustu
- að geta fjármagnað verk sitt, markaðssett, framleitt og hafið sölu
- hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning og sala helst í hendur
- að geta raungert hugmynd frá fyrstu hugdettu að lokaafurð
- að meta þörf og afla upplýsinga fyrir markaðs- og viðskiptaáætlun



Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verkefnaval
- leita til ráðgjafa og afla viðbótarþekkingar utan skólans
- þróa og endurmeta hugmyndir eða framleiðslu á öllum stigum vinnuferlisins
- hafa frumkvæði og kunnáttu til að velja „verkfæri“ og aðferðir í samræmi við verkefni
- nýta sér fagleg og skapandi vinnubrögð við markaðsrannsókn, tilrauna- og rannsóknarvinnu, skipulagningu verkþátta og framkvæmt verksins
- greina verkþætti og setja fram vinnulýsingu og kostnaðaráætlun
- koma viðskiptahugmynd á framfæri og hefja sölu
- geta með fagmannlegum hætti lagt verk sín fram til kynningar, samkeppni og sýninga
- geta fært rök fyrir gildi afurðar út frá m.a. notkun, hagnýti, útliti, umhverfi, hráefni, framleiðsluaðferð o.s.frv.
- setja fram markaðs- og viðskiptaáætlun
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni við öflun upplýsinga, lausn og uppsetningu verkefna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér þekkingar og færniþætti nýsköpunar og hönnunar við framkvæm hugmynda sinna
- vinna sjálfstætt að hönnunarverkefni
- stofna, fjármagna og reka eigið „fyrirtæki“
- markaðssetja hönnunarverkefni og hefja sölu

Námsmat: Sí matsáfangi

- Úrvinnsla upplýsinga
- Vöruþróunarferli og markaðssetning
- Vinnu- og hugmyndamappa – ferlisvinna og lokaafurð
- Lokaskýrsla, viðskipta- og markaðsáætlun
- Lokakynning
- Samkeppni og sýning
- Mæting, vinnusemi, skilvirkni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð eru einnig þættir sem hafa afgerandi áhrif á einkunnagjöf.



Viðhengi 5

Sýnishorn af kennsluáætlun úr Hönnun í atvinnulífinu

Kennsluáætlun: HÖN 103 haustönn 2011

Heiti áfanga: Hönnun í atvinnulífinu

Kennari: Ásdís Jóelsdóttir

Markmið er að nemendur:

- fái innsýn í fjölbreytileika greinarinnar í námi og atvinnulífinu
- fái yfirsýn yfir fyrirtæki, menntun, stofnanir, lög og reglugerðir, réttindi og skyldur
- fái starfskynningu á að a.m.k. fjórum vinnustöðum
- fái innsýn í hráefnisfræði, vörubekkingu og gæðakröfur

Kennslugögn:

Netið, viðtöl, vettvangsferðir, fyrirlestrar, starfskynningar og annað ítarefni.

Vika	Yfirferð
01. 23.-26. ágúst.	Kennsluáætlun og yfirferð annarinnar. Námsmöguleikar; ýmsir skólar og stofnanir
02. 29. ág. - 2.sept.	Verkefnavinna og úrvinnsla með glærusýningu
03. 5. - 9.sept. 9. úrsagnareindagi.	Kynning á Námsmöguleikum Vettvangsferð í Listaháskóla Íslands og HR + umsögn
04. 12. - 16. sept.	Atvinnumöguleikar; heimasíður stærri fyrirtækja og stofnana
05. 19. - 23. sept.	Verkefnavinna, úrvinnsla og stutt kynning Fyrirlestur + umsögn
06. 26. – 30.sept.	Undirbúningur fyrir starfskynningar í fyrirtækjum og stofnunum Vettvangsferð í Ikea + umsögn
07. 3. - 7. okt.	Starfskynning og skýrslugerð Dagbók á viðburðum og umfjöllun um hönnun, 2 A4 síður
08. 10. - 13. okt. Miðannarmat	Starfskynning og skýrslugerð Dagbók á viðburðum og umfjöllun um hönnun, 2 A4 síður



14. og 17.okt. frídagar	
09. 18. - 21. okt.	Verkefnavinna og úrvinnsla með glærusýningu Kynning á starfskynningum + umræður
10. 24.-28.okt.	Vettvangsferð í leikhús og leiksýning + umsögn
11. 31. okt.– 4. nóv.	Undirbúningur fyrir starfskynningar hjá íslenskum hönnuðum Vettvangsferð í Handverk og hönnun og Hönnunarmiðstöðina + umsögn
12. 7. - 11. nóv. 10.nóv. dagur Loka og prófundirbúningur.	Starfskynning og skýrslugerð Grunnskólakynning á Hönnunar- og markaðsbraut, glærusýning
13. 14. - 18. nóv.	Starfskynning og skýrslugerð Vettvangsferð í Toppstöðina + umsögn Fyrirlestur + umsögn Grunnskólakynning á Hönnunar- og markaðsbraut, glærusýning
14. 21. - 25. nóv.	Verkefnavinna og úrvinnsla með glærusýningu Kynning á starfskynningum + umræður Vettvangsferð í Hönnunarsafn Íslands + umsögn
15. 28. - 30. nóv.	Skil á vinnumöppu (kynningar, skýrslur, dagbók og umsagnir)

Námsmat:

HÖN 103 er 100% símatsáfangi. Til að nemandi standist áfangann þarf hann að skila öllum verkefnum samkvæmt kennsluáætlun og verkefnalýsingum og fá 5 í lokaeinkunn. Auk þess eru dagsetningar á skilum og kynningum bindandi í hverri verkefnalotu.

Mæting, vinnusemi, skilvirkni og jákvæðni eru þættir sem hafa afgerandi áhrif á einkunnagjöf.

Mætingarskylda er 87% samkvæmt reglum skólans.

- **Námsmöguleikar: 15**
- **Atvinnumöguleikar: 15%**
- **Starfskynningar, skýrslugerð og kynning: 45%**
- **Dagbók og umsagnir: 15%**
- **Grunnskólakynning 10%**



Viðhengi 6

Sýnishorn af tveimur verkefnum í HÖN 103

Verkefni 1 - Námsmöguleikar hérlendis og erlendis

Skoða heimasíður, innihald og möguleika:

1. **LÍN – Lánasjóður íslenskra námsmanna** undir liðnum nám og lán/leit að skóla – www.lin.is + **Danmarks Designskole** - <http://www.dkds.dk/>
2. **Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins** undir liðnum nám erlendis – www.ask.hi.is + **University of the arts London-Central Saint Martins**- <http://www.csm.arts.ac.uk/>
3. **Lingo** málamiðlun – undir liðnum fagskólar - www.lingo.is + **IDE – Istituto Europeo di design** www.ied.edu
4. **Listaháskóli Íslands** – undir liðnum nám og deildir – www.lhi.is + **Parsons the New School for Design** - <http://www.newschool.edu/parsons/>
5. **Háskóli Íslands** – www.hi.is/ undir liðnum markaðsfræði og alþjóðaviðskipti + **FIT - Fashion Institute of Technology** <http://www.fitnyc.edu/>
6. **Háskóli Íslands** www.hi.is/ undir menntavísindasvið-kennaradeild-grunnskólakennarfræði + **Konstfack skolan í Stockholm** - www.konstfack.se
7. **Háskólinn í Reykjavík** (Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík) www.opnihaskolinn.is undir markaðsfræði og frumkvöðlar + **Design Academy Eindhoven - Holland** <http://www.designacademy.nl/>

Skoðið heimasíðurnar og skráið niður möguleika og helstu upplýsingar, a.m.k. 6 atriði í hverjum lið og gerið a.m.k átta glæsur.

Skoðið t.d.:

- Helstu upplýsingar um stofnun/skóla.
- Hvert er hlutverk stofnunar og hvaða upplýsingar má finna á heimasíðum þeirra sem nýtast við að kynna sér nám í faginu?
- Hver er stefna skólans? - helstu áherslur, inntökuskilyrði, skipulag, brautir o.s.fr.
- Gjarnan má sýna stutt dæmi um nemendaverkefni við skólana eða sýningar.
- Glærusýning og kynning má vera 10-15 mín.



Verkefni 2 - Heimasíður fyrirtækja

Allir nemendur skoða heimasíðu Impru og fjalla um stofnunina og hlutverk hennar, 1 A4 texti.

Síðan á að velja:

- Tvö fyrirtæki sem bjóða upp á heimasíðu. Fyrirtækið á að tengjast á einhvern hátt hönnunargreinum s.s. framleiðslufyrirtæki, sölufyrirtæki/verslun, hönnunarstofa o.s.frv., 1,5 A4 texti.
- Einn hönnuð sem er með heimasíðu og með vinnustofu/verkstæði og/eða verslun, 1/2 A4 texti

Við innihald greinargerðar skal eftirfarandi koma fram:

- útlit síðunnar – umfjöllun og gagnrýni um uppsetningu síðunnar, lógó, myndefni o.fl.
- innihald síðunnar – upplýsingar og valmöguleikar inn á síðunni s.s. saga fyrirtækis, starfsmenn o.fl.
- vörutegundir sem verið er að bjóða upp á og upplýsingar um vörurnar s.s. hráefni, meðferð, stærðir o.s.frv.
- þjónusta við neytendur t.d. hvort hægt er að panta og versla í gegnum fyrirtækið og þá hvernig.
- annað

Skila á 3 A4 texti + má skreyta með myndum þ.e. ½ síða myndir

Setja upp í kynningu, 4-5 glærur á hvort fyrirtæki og 3 glærur á hönnuð